

INN1004 Inngangur að viðskiptafræði 1

Námskeiðslýsing ▶	Farið verður yfir grundvallaratriði og hugtök í bókfærslu, bókhaldi fyrirtækja og einstaklinga. Merking og færslur bókhalds. Kynntar verða bókhaldsreglur, reikningsskilavenjur og lög um bókhald gerð skil. Þá verður farið í gegnum mikilvægi þess að halda gott bókhald og temja sér skipulögð vinnubrögð. Fjallað verður um þjóðhagfræði og kynnt grunnhugtök og megin viðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað verður um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðshagkerfi. Hringrás efnahagslífsins og helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meðal umfjöllunarefna verða m.a. kostnaðarhugtök, tekjur, beinn og óbeinn kostnaður. Eftirspurn og framboð jafnvægismagn og verð. Hagkvæmasta framleiðslumagn í fullkominni samkeppni og einokun. Skortur, val og fórnarkostnaður. Verðmyndun og opinber afskipti. Landsframleiðsla, þjóðarframleiðsla, þjóðartekjur, hagvöxtur og hagsveiflur. Hlutverk og fjármál hins opinbera, vísitölur og verðbólga. Hlutverk seðlabanka og stjórn peningamála. Utanríkisviðskipti og gengi.
Námsmarkmið ▶	Eftir námskeiðið eiga nemendur að: <ul style="list-style-type: none">• geta fært einfalt bókhald fyrir minni fyrirtæki• kunna skil á almennum bókhaldsreglum• þekkja vel þau fræðilegu efnisatriði sem námslýsing greinir.• hafa öðlast þekkingu á undirstöðuatriðum hagfræðinnar og ná að tengja námsefnið við hið daglega líf.• kunna skil á hagnýtingu fræðilegra efnisatriða og skilja tengsl þeirra innbyrðis við önnur hagræn og þjóðfélagsleg svið
Grunnupplýsingar ▶	Námskeiðsnúmer: INN1004 Enskt heiti: Introduction to Business Administration 1 Einingafjöldi: 4 einingar Lágmarkseinkunn: 5,0 Námsstig: Háskólabrú Kennslumisseri: Vor Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar og verkefnaátímar Kennsluvikur: 15
Umsjón ▶	Hlíf Böðvarsdóttir
Undanfarar / Forkröfur ▶	Inntökuskilyrði Háskólabrúar
Námsmat ▶	Verkefni gilda 50% af lokaeinkunn Skriflegt lokapróf gildir 50% af einkunn
Bækur ▶	
Annað lesefni ▶	